

Fundarfrásögn Stjórnarfundur FÍF

Dags: 29.september 2016 12:00-13:00

Staður: Bandalag Háskólamanna

Mættir: Hugrún, Ása, Friðrik, Ólafur Már, Kristmundur

- 1. Greiðsla í starfsmenntasjóð fyrir atvinnulausa:** Ákveðið var að félagið greiði gjöld í starfsmenntasjóð fyrir atvinnulausa félagsmenn til þess að þau eigi áfram rétt í sjóðnum. Félagið hefur gert það varðandi starfsþróunarsetur og rétt að gera eins gagnvart fólki sem á rétt í starfsmenntasjóð. Einnig ákveðið að greiða félagsmanni sem hafði samband vegna þessa þá upphæð sem hún hefði átt rétt á ef félagið hafði tekið þessa ákvörðun fyrir.
- 2. Vísindaferðir:** Vísindaferðir sem boðaðar voru af Háskóla Íslands hafa gengið vel næsta ferð verður 4 nóvember.
- 3. Jafnréttismál:** Formaður félagsins í samvinnu við formenn hinna félagana sem standa saman að rekstri þjónustuskrifstofunnar, hafa birt 2 greinar í Fréttablaðinu er varða jafnréttismál á launamarkaði í nafni félagsins. Sú 3 er á leiðinni. Greinarnar hafa einnig verið sendar félagsmönnum í tölvupósti.
- 4. Lífeyrismál:** Kynningafundur byrjaðir hjá BHM. Ljóst er að ákveðnar stéttir eru á móti samkomulaginu og ætla að senda sér umsókn til Alþingis. BHM sendir umsögn til Alþingis þar sem bent er á áhyggjur stjórnar og formannaráðs um klausu er varða jöfnun launa. Formaður mun senda inn umsögn til Alþingis þar sem tekið er undir umsögn BHM.
- 5. Umræður um endurskipulagningu félagana sem standa saman að þjónustuskroftofunni:** Rætt var almennt um félögin innan BHM, hvar mætti finna sameiginlega hagsmuni og hvernig félögin gætu unnið meira og betur saman. Ljóst væri að félagar sem dreifist á mörg félög eiga sameiginlega hagsmuni. T.d. dagvinnustéttir. Opna þarf samtalið og samlegð á milli félaga. Formaður ætlar að eiga fund með formanni Fræðagarðs til að ræða málin og óskar eftir fulltrúa með sér á þann fund. Friðrik ákveður að vera með.

Fundi slitið